

REGLUGERÐ

um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að innleiða reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins eins og nánar greinir í 2. gr. sbr. reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, nr. 612/2005.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005 frá 21. mars 2005 um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á, merkt fylgiskjal 1, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2005 frá 2. desember 2005.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 779/2006 frá 24. maí 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 488/2005 um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á, merkt fylgiskjal 2, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2006 frá 22. september 2006.

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 146. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. október 2007.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 488/2005**

frá 21. mars 2005

um gjöld og þóknanir sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

til að meta fjárhæðina sem á að greiða við veitingu hennar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

6) Fjárhæð þóknana, sem umsækjandinn á að greiða, miðast við hversu flókið verkefnið er, sem stofnunin á að inna af hendi, og hversu mikið vinnuálag fylgir því.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 53. gr.

7) Innan atvinnugreinarinnar skulu menn hafa skýra mynd af fjármálunum og færir um að áætla fjárhæð þeirra þóknana sem greiða skal. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja jafnvægi milli heildarútgjalda stofnunarinnar við framkvæmd vottunarverkefnanna og heildartekna af þóknunum sem hún innheimtir. Því skal vera mögulegt að endurskoða árlega fjárhæð þóknanna á grundvelli fjárhagsniðurstaðna og –áætlana.

að höfðu samráði við stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

1) Tekjur Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd stofnunin) samanstanda af fjárframlögum frá Bandalaginu og þeim þriðju löndum í Evrópu sem Bandalagið hefur gert samninga við, sem um getur í 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, þóknar frá umsækjendum vottorða og samþykkja sem stofnunin gefur út, viðheldur eða breytir og gjöld sem eru innheimt vegna útgáfu efnis, kærumeðferðar, þjálfunar og annarrar þjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

2) Jafnvægi skal vera milli tekna og gjalda stofnunarinnar.

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

3) Stofnunin skal ein geta innheimt þóknarir og lagt á gjöld, sem um getur í þessari reglugerð, og þá eingöngu í evrum. Þau skulu ákvörðuð á gagnsæjan, sanngjarnan og samræmdan hátt.

Reglugerð þessi gildir um þóknarir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd stofnunin) innheimtir sem greiðslu fyrir þjónustu sem hún veitir, þ.m.t. afhending vara.

4) Þóknarir, sem stofnunin innheimtir, skulu ekki stofna samkeppnishæfni viðkomandi atvinnugreina í Evrópu í hættu. Þær skulu enn fremur ákvarðaðar á grundvelli viðmiðana þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til greiðslugetu lítilla fyrirtækja. Landfræðileg staðsetning fyrirtækjanna á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal heldur ekki hafa í för með sér mismunun.

Hún ákveður einkum í hvaða tilvikum þóknarir og gjöld, sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, skuli innheimt, fjárhæð þessara þóknana og gjalda og með hvaða hætti greiðslan fer fram.

5) Umsækjandanum skal tilkynnt, ef unnt er, um fyrirsjáanlega fjárhæð sem á að greiða fyrir þjónustu sem veitt verður og hvernig greiðslum verður háttáð áður en þjónustan er veitt. Viðmiðanir sem eru notaðar til að ákvarða fjárhæðina, sem á að greiða, skulu vera skýrar, samræmdar og aðgengilegar almenningi. Ef unnt er að ákvarða þessa fjárhæð fyrirfram skal umsækjandanum tilkynnt um það áður en þjónustan er veitt. Í því tilvikum skal samþykkja skýrar reglur áður en þjónustan er veitt

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „gjöld“: fjárhæðir sem stofnunin innheimtir og sem umsækjendum ber að greiða fyrir þjónustu, aðra en vottunarverkefni, sem stofnunin veitir,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).

- b) „þóknanir“: fjárhæðir sem stofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða til að fá, viðhalda eða breyta vottorðum og samþykkjum, sem um getur í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, sem stofnunin gefur út, viðheldur eða breytir,
- c) „vottunarverkefni“: öll starfsemi sem stofnunin annast beint eða óbeint í þeim tilgangi að gefa út, viðhalda eða breyta vottorðum og samþykkjum sem um getur í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002,
- d) „umsækjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem óskar eftir því að nýta sér þjónustu sem stofnunin veitir, þ.m.t. viðhald eða breyting á vottorði eða samþykki,
- e) „beinn kostnaður“: launakostnaður vegna starfsfólks sem tengist beint vottunarverkefni og ferðakostnaði þess í tengslum við vottunarverkefni,
- f) „sérstakur kostnaður“: kostnaður vegna gistingar og máltíða, tilfallandi útgjöld og ferðastyrkur sem starfsfólk fær greiddan í tengslum við vottunarverkefni,
- g) „óbeinn kostnaður“: hluti af almennum kostnaði stofnunarinnar sem rekja má til framkvæmdar vottunarverkefna, þ.m.t. kostnaður sem fellur til vegna þróunar hluta af forskriftum og reglum,
- h) „raunkostnaður“: útgjöld sem stofnunin stofnar til,
- i) „forskriftir og reglur“: öll skjöl sem samin eru á vegum stofnunarinnar skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

II. KAFLI

GJÖLD

3. gr.

Stofnunin skal innheimta gjöld fyrir alla þjónustu, þ.m.t. afhendingu á vörum, sem hún veitir umsækjendum, nema fyrir:

- a) vottunarverkefni,
- b) sendingu skjala og upplýsinga, í hvaða formi sem er, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001⁽¹⁾,
- c) skjöl sem fást ókeypis á vefsítri stofnunarinnar. Stofnunin skal einnig innheimta gjöld þegar kæra er lögð fram vegna ákvörðunar hennar skv. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002

(¹) Stjótt. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

4. gr.

1. Fjárhæð gjaldanna, sem stofnunin leggur á skal vera jöfn raunverulegum kostnaði við þjónustuna sem er veitt, þ.m.t. kostnaður við að gera hana aðgengilega fyrir umsækjandann.

2. Gjöldin, sem eru innheimt þegar kæra er lögð fram skv. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, skal vera föst fjárhæð sem er tilgreind í viðaukanum. Ef sá sem leggur fram kærana fær málið dæmt sér í vil skal stofnunin sjálfkrafa endurgreiða viðkomandi föstu upphæðina.

3. Fjárhæð gjaldanna skal gefin upp í evrum. Umsækjandanum skal tilkynnt um fjárhæðina og greiðsluskilmála áður en þjónustan er veitt.

5. gr.

Umsækjandinn skal greiða gjöldin eða, ef við á, sá sem leggur fram kærana.

Gjöldin skulu greidd í evrum.

Ef samningur er á hinn bóginn ekki fyrir hendi skulu gjöldin innheimt áður en þjónustan er veitt eða, eftir því sem við á, áður en málsmeðferð við áfrýjun hefst.

III. KAFLI

ÞÓKNANIR

6. gr.

1. Þóknanir skulu tryggja að heildartekjuliðimir dugi fyrir öllum kostnaði, beinum, óbeinum og sérstökum kostnaði, sem stofnað er til vegna vottunarverkefna, þ.m.t. kostnaður sem stofnað er til vegna stöðugs eftirlits.

2. Stofnunin skal halda tekju- og útgjaldaliðum, sem stofnað er til vegna vottunarverkefna, aðgreindum. Með hliðsjón af því:

- a) skulu þóknanir, sem stofnunin innheimtir sem greiðslur fyrir vottunarverkefni, færðar í aðskilið bókhald og gildir sérstök reikningsskilamálsmeðferð um þær,
- b) skal stofnunin halda bókhald sem skiptist í tekjur og gjöld. Nota skal skiptigrundvöll fyrir hvern gjaldalið, sem er færður í flokkunarkerfi fjárhagsáætlana, til að ákvarða hlutfall útgjaldaliðs sem stofnað er til vegna vottunarverkefna.

3. Við upphaf hvers fjárhagsárs skal gera heildarbráðabirgðaáætlun um þóknarir. Þessi áætlun skal byggjast á fyrri fjárhagsniðurstöðum stofnunarinnar, áætlun hennar á gjalda- og tekjulíðum og bráðabirgðastarfsáætlun hennar.

4. Til að komast hjá því að fyrirtækjum sé mismunad á yferráðasvæði aðildarríkjanna skal ferðakostnaður vegna vottunarverkefna fyrir slík fyrirtæki lagður saman og honum deilt jafnt niður á umsækjendur.

5. Fara skal enn frekar yfir viðaukann og honum breytt ef nauðsyn krefur innan 14 mánaða frá þeim degi sem reglugerð þessi öðlast gildi. Heimilt er að endurskoða hann árlega eftir það. Fjárhæðir og reiknistuðlarnir, sem eru settir fram í viðaukanum, skulu birtir í opinberu riti stofnunarinnar.

7. gr.

Þóknarir samanstanda af einum eða fleiri eftirfarandi þáttum:

- föstum hluta, fjárhæð sem er breytileg eftir því hversu flókið verkefni stofnunin innir af hendi. Mismunandi gildi fasta hlutans og reiknistuðlanna, sem hafa áhrif á þau, eru sett fram í viðaukanum,
- breytilegum hluta í hlutfalli við vinnuframlagið, er um ræðir, sem er tilgreindur í fjölda klukkustunda og margfaldaður með tímagjaldi sem er reiknað í samræmi við 2. mgr. 9. gr. Fjárhæð tímagjaldsins er tilgreint í viðaukanum,
- fjárhæð sem er jöfn tilgreindum kostnaði við vottunarverkefnið og endurheimtist að fullu sem raunkostnaður.

8. gr.

- Þóknarir skulu reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

$$\Sigma R = x \cdot D$$

þar sem:

ΣR = fjárhæð árlegra þóknana sem stofnunin innheimtir

D = árleg útgjöld í fjárhagsáætlun stofnunarinnar

x = hlutfall af árlegum útgjöldum sem rekja má beint eða óbeint til vottunarverkefnanna.

2. Á aðlögunartímabilinu, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, má nota hluta af fjárförlögunum sem um getur í a-lið 1. mgr. 48. gr. þeirrar reglugerðar, ef þörf krefur, til að standa straum af þeim kostnaði sem stofnað er til vegna vottunarverkefnanna. Í því tilviki skulu þóknarir á þessu tímabili reiknaðar út á eftirfarandi hátt:

$$\Sigma R = xD - C_p$$

þar sem:

C_p = er hluti af fjárförlögunum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og notað er til að fjármagna vottunarverkefni sem stofnunin annast.

Eigi síðar en frá 1. janúar 2008 er $C_p = 0$.

9. gr.

1. Fjárhæð þóknunarinnar fer eftir því hversu flókið vottunarverkefnið er og vinnuframlöginu sem um er að ræða. Hún skal ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$R = F + (nh * t) + S$$

þar sem:

R = þóknun sem greiða skal

F = fastur hluti en fjárhæð hans ræðst af því við hvers konar verkefni er unnið (sjá viðauka)

nh = fjöldi reikningsfærðra klukkustunda (ef við á, sjá viðauka)

t = tímagjald (ef við á, sjá viðauka)

S = sérstakur kostnaður.

2. Ákvarða skal tímagjaldið (t) á grundvelli árlegs launakostnaðar vegna starfsfólks stofnunarinnar sem tengist beint vottunarverkefnum. Það skal ákvarðað í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$t = C_s / N$$

þar sem:

C_s = árlegur launakostnaður (laun, framlög í lífeyrissjóði og almannatryggingar) vegna starfsfólks stofnunarinnar sem tengist beint vottunarverkefnum.

N = árlegur heildarfjöldi vinnustunda starfsfólks stofnunarinnar sem tengist beint vottunarverkefnum.

10. gr.

Ef vottunarverkefnið fer fram, að öllu leyti eða að hluta til, utan yferráðasvæða aðildarríkjanna skal reikningsfærð þóknun umsækjandans fela í sér ferðakostnað utan þessara yferráðasvæða, sbr. þó 9. gr. Að því er varðar þetta verkefni eða þennan hluta skal fjárhæð þóknunarinnar, sem greiða skal, ákvörðuð í samræmi við formúluna:

$$R = F + (nh * t) + S + V$$

þar sem:

R = þóknun sem greiða skal

F = fastur hluti en fjárhæð hans ræðst af því við hvers konar verkefni er unnið (sjá viðauka)

nh = fjöldi reikningsfærðra klukkustunda (ef við á, sjá viðauka)

t = tímagjald (ef við á, sjá viðauka)

S = sérstakur kostnaður

V = viðbótarferðakostnaður.

Viðbótarferðakostnaður, sem er reikningsfærður á umsækjanda, skal fela í sér raunverulegan ferðakostnað utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna og sá tími, sem sérfræðingar verja í þessar ferðir, skal reikningsfærður samkvæmt tímagjaldi.

11. gr.

Að beiðni umsækjanda má framkvæma vottunarverkefni á sérstakan hátt að fengnu samþykki framkvæmdastjóra.

Í slíku tilvikum skal vottunarverkefnið framkvæmt á eftirfarandi hátt:

- a) með því að fela það hópum starfsfólks sem stofnunin gerir að jafnaði ekki samkvæmt staðlaðri málsmeðferð sinni og/eda
- b) með því að fela slíkum mannafla verkefni þannig að þau séu unnin hraðar en samkvæmt staðlaðri málsmeðferð stofnunarinnar. Í því tilvikum er tekin hærri þóknun en venja er til að standa straum af þeim kostnaði sem stofnunin stofnar til við að koma til móts við sérstaka beiðni.

12. gr.

1. Umsækjandi skal greiða þóknunina. Hún skal greidd í evrum.

2. Útgáfa, viðhald eða breyting á vottorði eða samþykki er háð því að þóknunin sé greidd að fullu. Ef þóknunin hefur ekki verið greidd má stofnunin afturkalla viðkomandi vottorð eða samþykki eftir að hafa gefið umsækjandanum formlega viðvörðun þar að lútandi.

3. Stofnunin skal tilkynna umsækjendum um fjárhæð þóknana og greiðsluskilmála þegar þeir leggja umsóknir sínar fram.

4. Stofnunin skal, að því er varðar öll vottunarverkefni sem hafa í för með sér greiðslu breytilegs hluta, gefa umsækjanda upp verð sem hann verður að samþykka áður en viðkomandi verkefni hefst. Stofnunin skal breyta tilgreindu verði ef í ljós kemur að verkefnið er einfaldara eða unnt er að vinna það hraðar en upphaflega var talið eða, á hinn bóginn, ef það er flóknara og tekur lengri tíma að vinna það en stofnunin gat með góðu móti séð fyrir.

5. Þegar greiðsla fyrir verkefni felur einungis í sér greiðslu fasts hluta greiðist helmingur hans áður en viðkomandi verkefni hefst en hinn helmingurinn við útgáfu vottorðsins eða samþykkisins.

6. Þegar um er að ræða verkefni, sem hafa í för með sér greiðslu breytilegs hluta, greiðast 30% af heildarfjárhæð þóknunarinnar (þ.m.t. fastur hluti) áður en viðkomandi verkefni hefst og 40% meðan á verkefni stendur, í ársfjórðungslegum afborganum. Mismunurinn, sem nemur 30%, greiðist við útgáfu vottorðsins eða samþykkisins.

7. Þóknunir fyrir viðhald fyrirbyggjandi vottorða og samþykkja skulu greiddar í samræmi við tímaáætlun sem stofnunin ákveður og tilkynnir handhöfum slíkra vottorða og samþykkja. Tímaáætlunin byggist á eftirliti á vegum stofnunarinnar sem miðar að athugun á því hvort slík vottorð og samþykki séu enn í gildi.

8. Ef stofnunin ákveður eftir fyrstu athugun að hafna umsókn skal umsækjandi fá endurgreidda hvers kyns þóknun, sem þegar hefur verið greidd, að undanskilinni fjárhæð sem nægir fyrir umsýslukostnaði við meðhöndlun umsóknarinnar. Fjárhæðin skal jafngilda föstu þóknuninni D sem tiltekin er í viðaukanum.

9. Ef stofnunin þarf að stöðva vinnu við vottunarverkefni vegna þess að umsækjandi hefur ófullnægjandi fjárráð eða uppfyllir ekki gildandi kröfur, skulu eftirstöðvar þóknana greiddar að fullu um leið og stofnunin stöðvar framkvæmd verkefnisins.

IV. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Frá 1. júní 2005 getur einungis stofnunin krafist þóknana fyrir vottunarverkefni og innheimt þær.

Aðildarríki skulu ekki innheimta þóknunir fyrir vottunarverkefni jafnvel þótt þau annast þessi verkefni fyrir hönd stofnunarinnar.

Stofnunin skal endurgreiða aðildarríkjunum fyrir vinnu við vottunarverkefni sem þau annast fyrir hennar hönd.

Nr. 1044

22. október 2007

Stofnunin skal innheimta þóknunir fyrir vottunarverkefni, sem eru í vinnslu 1. júní 2005 og aðildarríkin annast fyrir hennar hönd, til að koma í veg fyrir að umsækjandi greiði tvöfalt gjald.

14. gr.

Vegna beitingar þessarar reglugerðar og í síðasta lagi 30 dögum fyrir gildistöku 1. til 13. gr. skal stofnunin afhenda framkvæmdastjórninni skriflega staðfestingu á því að hún sjái sér fært að takast á hendur verkefni, sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð, einkum að reikna út og reiknings-

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2005.

færa fjárhæð þóknanna, sem umsækjendur eiga að greiða, og endurgreiða aðildarríkjunum.

15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. til 13. gr. gilda frá 1. júní 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIDAUKI
EFNISYFIRLIT

- i) Tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð eða jafngildi þeirra
- ii) Viðbótartegundarvottorð
- iii) Meiri háttar breytingar og viðgerðir
- iv) Minni háttar breytingar og viðgerðir
- v) Árleg þóknun fyrir handhafa EASA-tegundarvottorða og takmarkaðra tegundarvottorða
- vi) Samþykki fyrir hönnunarfyrirtæki
- vii) Sýnt fram á hönnunargetu með því að nota aðrar aðferðir
- viii) Samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki
- ix) Framleiðsla án samþykkis
- x) Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki
- xi) Samþykki fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofhæfi
- xii) Þóknarir fyrir samþykki samþykkja sem jafngilda samþykkjum í 145. hluta í samræmi við gildandi tvíhliða samninga
- xiii) Samþykki fyrir fyrirtæki sem veitir viðhaldsþjálfun
- xiv) Kærur

Til skýringar

- Vottunarforskriftir (CS), sem um getur í þessum viðauka, eru þær sem voru samþykktar skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og birtar í opinberu riti stofnunarinnar í samræmi við EASA-ákvörðun 2003/8 frá 30. október 2003 (www.easa.eu.int).
- Í þessum viðauka merkir:
 - „verðmæti búnaðar“: verðmæti sem tilgreint er í töflum i, iii, iv og v og vísar til viðeigandi skráðs verðs framleiðanda.
 - „verðmæti starfsemi“: verðmæti sem tilgreint er í töflum vi, viii, x og xiii og felur í sér {fjöldi virkra tæknistarfsmanna í stofnuninni sem inna af hendi störf sem tengjast einvörðungu starfsemi sem á að samþykkja} * {100*1 400 klst. = 140 000 evrur/tæknistarfsmenn} nema umsækjandi færi sönnur á að annað tímagjald skuli gilda.
 - Fjöldi virkra tæknistarfsmanna er óháður fjöldi einstakra athafnasvæða sem samþykkið tekur til; samþykkið felur í sér undirverktaka og skal umsækjandi upplýsa um það.
 - Skrifstofufólk stofnunarinnar, sem sækir um, er ekki innfalið í útreikningi á verðmæti starfseminnar.
 - Tækni- og skrifstofufólk undirverktaka (sem innir af hendi störf sem snerta starfsemina) er ekki innfalið í útreikningi á verðmæti starfsemi umsækjanda ef undirverktökum hefur þegar verið veitt sitt sérstakt samþykki.
 - Kraftist skal af umsækjendum og handhöfum samþykkja stofnunarinnar að þeir leggi fram undirritað vottorð frá viðurkenndum fulltrúa viðkomandi stofnunar til að stofnunin geti ákvarðað samsvarandi þóknunarflokk.

i) Tegundarvottorð og takmörkuð tegundarvottorð eða jafngildi þeirra (sem um getur í B- og O-kafla í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003⁽¹⁾)

- Fyrir allar umsóknir þarf að greiða fasta þóknun A, eins og fram kemur í töflunni, og er hún margfölduð með reiknistuðlinum sem er tilgreindur fyrir viðkomandi framleiðsluvöru.
- Einnig skal nota tímaþóknun fyrir framleiðsluvörur sem eru skyggðar í töflunni að því er varðar þann tíma sem EASA-fulltrúar sinna störfum sínum og miða skal við gjaldskrána í töflunni.
- Þessi tafla tekur til náskyldra flokka og verulegra breytinga á þeim, eins og lýst er í D-kafla 21. hluta í viðauka við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 (einkum 21. hluta A.01), sem varða breytingar á stærð loftfars og/öðru fullbúins hreyfils.

Föst þóknun A	21 000 evrur
Tímagjald	99 evrur

Tegund framleiðsluvöru	Athugasemdir	Reikni- stuðull fyrir fasta þóknun
CS-25	Stórar flugvélar	8
— CS-25(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	4
CS-23.A	Loftfar sem er skilgreint í 1. gr. a.2 í CS-23 (flokkur stuttleiðaloftfara (mjötluflokkur))	6
— CS-23.A(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	3
CS-23.B	Loftfar sem er skilgreint í 1. gr. a.1 í CS-23 með hámarksflugtaksþyngd (MTOW) á bilinu 2 000 til 5 670 kg	0,5
— CS-23.B(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,25
CS-29	Stórar þyrilvængjur	5
— CS-29(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	2,5
CS-27	Litlar þyrilvængjur	0,8
— CS-27(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,4
CS-E.T.A	Hverfihreyflar með flugtaksþyngd sem jafngildir eða er meiri en 25 000N eða aflafköst sem jafngilda eða eru meiri en 2 000kW	5,25
— CS-E.T.A(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	1,55
CS-E.T.B	Hverfihreyflar með flugtaksþyngd sem er undir 25 000N eða aflafköst sem eru undir 2 000kW	2
— CS-E.T.B(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,55
CS-E.NT	Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	0,1
— CS-E.NT(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,03
CS-23.C	Loftfar, sem er skilgreint í 1. gr. a.1 í CS-23, með hámarksflugtaksþyngd undir 2 000 kg	0,2
— CS-23.C(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,1
CS-22	Svifflugur og vélflugur	0,2
CS-VLA	Mjög létt loftfar	0,2

⁽¹⁾ Reglugerð (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisstærð loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjótið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6).

Tegund framleiðsluvöru	Athugasemdir	Reikni- stuðull fyrir fasta þóknun
CS-VLR	Mjög léttar þyrilvængjur	0,25
CS-APU	Aukaafsstöð	0,15
CS-P.A	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-25 (eða jafngildi þess)	0,2
— CS-P.A(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,1
CS-P.B	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-23, CS-VLA og CS-22 (eða jafngildi þess)	0,05
— CS-P.B(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,025
CS-22.J	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-22	0,04
— CS-22.J(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,02
CS-22.H	Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	0,07
CS-22.H(D)	— náskyldir flokkar og verulegar breytingar á þeim	0,05
CS-loftbelgir	Ekki enn fyrir hendi	0,1
CS-loftskip	Ekki enn fyrir hendi	0,5
CS-34	Engin föst viðbótarþóknun þegar hún er innifalin í upprunalega tegundarvottorðinu – viðbótarvinnustundir aðeins eftir þörfum	
CS-36	Engin föst viðbótarþóknun þegar hún er innifalin í upprunalega tegundarvottorðinu – viðbótarvinnustundir aðeins eftir þörfum	
CS-AWO	Starfsemi eftir vottfestingu, vottun fyrir starfrækslu loftfara í skertu skyggni (All Weather Operation) sem farið er með sem breytingu á tegundarvottorði	
CS-ETSO.A	Verðmæti búnaðar yfir 20 000 evrum	0,045
CS-ETSO.B	Verðmæti búnaðar á bilinu 2 000 til 20 000 evrum	0,025
CS-ETSO.C	Verðmæti búnaðar undir 2 000 evrum	0,01

ii) **Viðbótartegundarvottorð (sem um getur í E-kafla í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1702/2003)**

- Fyrir allar umsóknir þarf að greiða fasta þóknun B, eins og fram kemur í töflunni, og er hún margfölduð með reiknistuðlinum sem er tilgreindur fyrir viðkomandi framleiðsluvöru.
- Einnig skal nota tímaþóknun fyrir framleiðsluvörur sem eru skyggðar í töflunni að því er varðar þann tíma sem EASA-fulltrúar sinna starfi sínu og miða skal við gjaldskrána í töflunni.
- Þegar um er að ræða viðbótartegundarvottorð sem varðar breytingar á stærð loftfars og/eða fullbúns hreyfils er tekin sama þóknun og fyrir tegundarvottorð og takmarkað tegundarvottorð, eftir því hvort á við, eins og skilgreint er í i-lið hér að framan.

Föst þóknun B	680 evrum	
Tímagjald	99 evrum	

Tegund framleiðsluvöru	Athugasemdir	Reikni- stuðull fyrir fasta þóknun
CS-25	Stórar flugvélar	—
	mikilvægt (1. stig)	5
	2. stig	4

Tegund framleiðsluvöru	Athugasemdir	Reikni- stuðull fyrir fasta þóknun
CS-23.A	Loftfar sem er skilgreint í 1. gr. a.2 í CS-23 (flokkur stuttleiðalöftfara)	—
	mikilvægt (1. stig)	5
	2. stig	4
CS-23.B	Loftfar sem er skilgreint í 1. gr. a.2 í CS-23 með hámarksflugtaksþyngd á bilinu 2 000 til 5 670 kg	—
	mikilvægt (1. stig)	3
	2. stig	2
CS-29	Stórar þyrilvængjur	—
	mikilvægt (1. stig)	4
	2. stig	4
CS-27	Litlar þyrilvængjur	0,5
CS-E.T.A	Hverfihreyflar með flugtaksný sem er jafnt og eða yfir 25 000N eða aflafköst sem eru jöfn og eða yfir 2 000kW	—
	mikilvægt (1. stig)	1
	2. stig	1
CS-E.T.B	Hverfihreyflar með flugtaksný sem er undir 25 000N eða aflafköst sem eru undir 2 000kW	0,5
CS-E.NT	Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	0,2
CS-23.C	Loftfar, sem er skilgreint í 1. gr. a.1 í CS-23, með hámarksflugtaksþyngd undir 2 000 kg	1
CS-22	Svifflugur og vélflugur	0,2
CS-VLA	Mjög létt loftfar	0,2
CS-VLR	Mjög léttar þyrilvængjur	0,2
CS-APU	Aukaafstöð	0,25
CS-P.A	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-25 (eða jafngildi þess)	0,25
CS-P.B	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-23, CS-VLA og CS-22 (eða jafngildi þess)	0,15
CS-22.J	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-22	0,15
CS-22.H	Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	0,15
CS-loftbelgir	Ekki enn fyrir hendi	0,2
CS-loftskip	Ekki enn fyrir hendi	0,5

iii) Verulegar breytingar og verulegar viðgerðir (sem um getur í D- og M-kafla í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1702/2003)

- Fyrir allar umsóknir þarf að greiða fasta þóknun C, eins og fram kemur í töflunni, og er hún margfölduð með reiknistuðlinum sem er tilgreindur fyrir viðkomandi framleiðsluvöru.
- Einnig skal nota tímaþóknun fyrir framleiðsluvörur sem eru skyggðar í töflunni að því er varðar þann tíma sem EASA-fulltrúar sinna starfi sínu og miða skal við gjaldskrána í töflunni.

Þegar um er að ræða verulegar breytingar, eins og lýst er í D-kafla 21. hluta í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 (einkum 21. hluta A.01), sem varða breytingar á stærð loftfars og/þá fullbúins hreyfils, er tekin sama þóknun og fyrir tegundarvottorð/takmarkað tegundarvottorð, eftir því hvort á við, eins og skilgreint er í töflu í hér að framan.

Þóknunir, sem eru tilgreindar í þessari töflu, eru ekki þær sömu og teknar eru fyrir verulegar viðgerðir, sem hönnunarfyrirtæki annast, í samræmi við 5. lið c-liðar 21. hluta A.263 í D-kafla í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

Föst þóknun C	385 evrur
Tímagjald	99 evrur

Tegund framleiðsluvöru	Athugasemdir	Reikni-stuðull fyrir fasta þóknun
CS-25	Stórar flugvélar – með yfirgrípsmikla tækniskoðun	5
	stórar flugvélar – með takmarkaða tækniskoðun	4
CS-23.A	Loftfar sem er skilgreint í CS-23 í 1. gr. a.2 (flokkur stuttleiðaloftfara)	5
CS-23.B	Loftfar sem er skilgreint í 1. gr. a.1 í CS-23 með hámarksflugtaksþyngd á bilinu 2 000 til 5 670 kg	3
CS-29	Stórar þyrilvængjur	4
CS-27	Litlar þyrilvængjur	0,5
CS-E.T.A	Hverfihreyflar með flugtaksný sem er jafnt og eða yfir 25 000N eða aflafköst sem eru jöfn og eða yfir 2 000kW	1
CS-E.T.B	Hverfihreyflar með flugtaksný sem er undir 25 000N eða aflafköst sem eru undir 2 000kW	0,5
CS-E.NT	Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	0,2
CS-23.C	Loftfar, sem er skilgreint í 1. gr. a.1 í CS-23, með hámarksflugtaksþyngd undir 2 000 kg	1
CS-22	Svifflugur og vélflugur	0,3
CS-VLA	Mjög létt loftfar	0,3
CS-VLR	Mjög léttar þyrilvængjur	0,3
CS-APU	Aukaafstöð	0,4
CS-P.A	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-25 (eða jafngildi þess)	0,4
CS-P.B	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-23, CS-VLA og CS-22 (eða jafngildi þess)	0,3
CS-22.J	Til notkunar í loftfari sem er vottað fyrir CS-22	0,3
CS-22.H	Hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	0,3
CS-loftbelgir	Ekki enn fyrir hendi	0,3
CS-loftskip	Ekki enn fyrir hendi	0,5
CS-ETSO.A	Verðmæti búnaðar yfir 20 000 evrum	0,4
CS-ETSO.B	Verðmæti búnaðar á bilinu 2 000 til 20 000 evrum	0,3
CS-ETSO.C	Verðmæti búnaðar undir 2 000 evrum	0,25

iv) **Óverulegar breytingar og óverulegar viðgerðir (sem um getur í D- og M-kafla í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1702/2003)**

- Fyrir allar umsóknir þarf að greiða fasta þóknun D, eins og fram kemur í töflunni, og er hún margfölduð með reiknistuðlinum sem er tilgreindur fyrir viðkomandi framleiðsluvöru.
- Þóknunirnar, sem eru tilgreindar í þessari töflu, eru ekki þær sömu og teknar eru fyrir óverulegar breytingar og viðgerðir sem hönnunarfyrirtæki annast í samræmi við 2. lið c-liðar 21. hluta A.263 í D-kafla í viðauka við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

Föst þóknun D		375 evtur
Tegund framleiðsluvöru	Athugasemdir	Reikni- stuðull fyrir fasta þóknun
CS-25	Stórar flugvélar	2
CS-23.A	Löftfar sem er skilgreint í 1. gr. a.2 í CS-23 (flokkur stuttleiðalöftfara)	2
CS-23.B	Löftfar sem er skilgreint í 1. gr. a.1 í CS-23 með hámarksflugtaksþyngd á bilinu 2 000 til 5 670 kg	1
CS-23.C	Löftfar, sem er skilgreint í 1. gr. a.1 í CS-23, með hámarksflugtaksþyngd undir 2 000 kg	0
CS-22	Svifflugur og vélflugur	0
CS-VLA	Mjög létt löftfar	0
CS-29	Stórar þyrilvængjur	2
CS-27	Litlar þyrilvængjur	1,5
CS-VLR	Mjög léttar þyrilvængjur	0
CS-APU	Aukaafsstöð	1
CS-P.A	Til notkunar í löftfari sem er vottað fyrir CS-25 (eða jafngildi þess)	0
CS-P.B	Til notkunar í löftfari sem er vottað fyrir CS-23, CS-VLA og CS-22 (eða jafngildi þess)	0
CS-22.J	Til notkunar í löftfari sem er vottað fyrir CS-22	0
CS-E.T.A	Hverfihreyflar með flugtakskný sem er jafnt og eða yfir 25 000N eða aflaköst sem eru jöfn og eða yfir 2 000kW	1
CS-E.T.B	Hverfihreyflar með flugtakskný sem er undir 25 000N eða aflaköst sem eru undir 2 000kW	1
CS-E.NT/CS-22H	Allir hreyflar sem eru ekki hverfihreyflar	0
CS-loftbelgir	Ekki enn fyrir hendi	0
CS-loftskip	Ekki enn fyrir hendi	0
CS-ETSO.A	Verðmæti búnaðar yfir 20 000 evrum	0
CS-ETSO.B	Verðmæti búnaðar á bilinu 2 000 til 20 000 evrum	0
CS-ETSO.C	Verðmæti búnaðar undir 2 000 evrum	0

v) **Árleg þóknun fyrir handhafa EASA-tegundarvottorða og takmarkaðra tegundarvottorða og annarra tegundarvottorða sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1592/2002**

- Árleg þóknun er lögð á alla núverandi handhafa tegundarvottorða og takmarkaðra tegundarvottorða stofnunarinnar.
- Ætlunin með þessari þóknun er að standa straum af kostnaði stofnunarinnar við að tryggja að tegundarvottorð hennar gildi áfram, þ.m.t. þeir þættir í lofthæfi sem tengjast ekki breytingum á tegundarvottorði eftir vottfestingu.
